

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 22.01 2020 kl. 13:00

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík.

Mættir: Heimir, Þorsteinn, Sófus og Hörtur sem ritaði fundargerð.

1. Staðarval Prentsöguseturs.

Hólar. Staðarhaldar hafa lýst því yfir að þeir munu ekki koma til að reka Prentsögusetur. Af þeim ástæðum og öðrum sem rætt hefur verið um á fundum stjórnar eru Hólar því út úr myndinni. Samþykkt að skrifa þeim bréf og segja frá ákvörðun stjórnar. (Það var reyndar samþykkt á síðasta fundi að senda þeim bréf)

Eyrarbakki. Eyrarbakki er tilbúinn að gefa eftir gatnagerðargjöld, lóðagjöld, hita- og rafmagnsinntak o. fl. ásamt því að taka við safninu og reka. Prentsögusetur mundi þurfa að byggja hús uppá ca. 50 – 60 mill.

Reykjanesbær er tilbúinn að leggja til 250 – 300 fm. húsnæði í tengslum við önnur söfn bæjarins og reka safnið. Ekki er búið að skoða það húsnæði.

Skálholt. Fundarmenn telja það enn fýsilegasta kostinn. Kirkjuráð hefur óskað eftir formlegu bréfi varðandi hugmyndir stjórnar um safnið þar sem kæmi m. a. fram kostnaðaráætlun. Þorsteini og Hauki falið að semja drög að bréfinu sem lagt verður fyrir stjórn til samþykktar. Bréfið þarf að senda til kirkjuráðs fyrir miðjan feb. vegna fundar hjá kirkjuráði.

Samþykkt að Þorsteinn sækir um styrk til Seðlabankas (Norðdal sjóður)

2. Önnur mál. Voru engin og fundi slitið kl. 14:00

Næsti fundur er boðaður 30. janúar kl. 13:00